

200 ákvæði skal þó haldast æfinlega, að aðeins börn, sem heimilisföst eru í Sveinsstaða-
13. des. hreppi, eins og hann er nú, verði aðnjótandi styrks eða verðlauna úr sjóðnum.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðindanna.

P. t. Reykjavík, 5. nóv. 1949.

Filippus Vigfússon.

201

19. des.

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 79 26. maí 1942, um breyting
á hafnarreglugerð Siglufjarðar, nr. 61 18. júlí 1928.

1. gr.

Á eftir 12. flokki í 9. gr. auglýsingarinnar komi:
13. flokkur. Gjald kr. 4.50 fyrir hvert tonn:

Brennsluolía (fuelolía).

Gjald þetta innheimtist án viðauka.

2. gr.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1949, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 19. desember 1949.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Páll Pálmason.

202

22. des.

AUGLÝSING

um iðgjöld fyrir búfjártryggingar.

Ársiðgjöld fyrir búfjártryggingar af hverjum 100 krónum váttryggingarfjár-
hæðar ákveðast til bráðabirgða þannig:

I. Búfé, sem skylt er að váttryggja (kynbótagripir):

Kynbótanaut, þar með taldir tarfkálfar, sem ætlaðir eru til kynbóta ..	1 %
Kynbótahestar	2,7 %
Hryssur (á kynbótabúum)	2,25 %
Hrútar	4,25 %
Ær, að meðtöldum gimbrum settum á vetur	3,5 %

II. Búfé í frjálsri tryggingu:

a. Gegn vanhöldum:

Kýr	7 %
Naut	1 %
Hrútar	4,25 %

b. Gegn slysum (sauðfjárhópar):

1. Þar sem beitolönd liggja ekki að sjó 3 %
2. Þar sem beitolönd liggja að sjó:
- a. Sé flæðihætt 5 %
- b. Sé ekki flæðihætt 4 %

202

22. des.

Sé um váttryggingu fyrir styttri tíma að ræða en eitt ár, reiknast iðgjaldið þannig:

Allt að	1 mánuði	$\frac{1}{12}$ af ársiðgjaldi	+	100 %
— —	2 mánuðum	$\frac{2}{12}$ — —	+	50 —
— —	3 —	$\frac{3}{12}$ — —	+	33 —
— —	4 —	$\frac{4}{12}$ — —	+	25 —
— —	5 —	$\frac{5}{12}$ — —	+	20 —
— —	6 —	$\frac{6}{12}$ — —	+	15 —
— —	7 —	$\frac{7}{12}$ — —	+	10 —
— —	8 —	$\frac{8}{12}$ — —	+	5 —
— —	9 —	$\frac{9}{12}$ — —		
— —	10 —	$\frac{10}{12}$ — —		
— —	11 —	$\frac{11}{12}$ — —		
— —	12 —	ársiðgjald.		

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 20 26. febrúar 1943, um búfjártryggingar, gildir frá 1. október 1949. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um iðgjöld fyrir búfjártryggingar, útgefin 19. maí 1948.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. desember 1949.

Jón Pálmason.

Árni G. Eylands.

REGLUGERÐ

203

22. des.

um breyting á reglugerð nr. 218 31. desember 1947, um búfjártryggingar.

1. gr.

22. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Váttryggingarverð nauta og hesta, sem notuð eru í kynbótafélögum, ákveður váttryggjandi. Þyki stjórn brunabótafélagsins hún óhóflega há, getur hún skotið málinu til ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í viðkomandi búgrein, og sker hann þá úr, hvert váttryggingarverðið skal vera. Váttryggingarverð einstakra gripa í bústofni sauðfjárbúnaðar og annarra kynbótabúa ákveður váttryggjandi og má það vera eitt og hálf skattmat, nema á kynbótahrútum, en þar má það vera sexfalt skattmat.

2. gr.

23. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Váttryggingarverð einstakra gripa í frjálstri tryggingu ákveður váttryggjandi innan þeirra takmarka, er hér greinir:

Kynbótakarldýr, sem hlotið hafa fyrstu verðlaun á sýningu, má váttryggja fyrir upphæð, er nemur þremur og hálfu skattmati. Annað tiltekið búfé má váttryggja fyrir allt að eitt og hálf skattmat.

Umboðsmaður gætir þess, að ekki sé farið yfir greind verðtakmörk.

Reglugerð þessi gildir frá 1. október 1949.

Landbúnaðarráðuneytið, 22. desember 1949.

Jón Pálmason.

Árni G. Eylands.